



MANNVIT



Borgafjarðarvegur (94-07)

Vegagerðin

Kynningarskýrsla

20. janúar 2012





MANNVIT



Mannvit Verkfræðistofa

Miðgarður 2-4
700 Egilsstaðir
Sími: 422 3000
Fax: 422 3001
@: mannvit@mannvit.is
www.mannvit.is

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	i
MYNDASKRÁ.....	i
TÖFLUSKRÁ.....	i
1 YFIRLIT	1
2 NÚVERANDI VEGUR	2
3 FRAMKVÆMDALÝSING.....	2
4 EFNISÞÖRF	3
5 HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF.....	4
5.1 Áhrif á íbúa og landnotkun.....	4
5.2 Áhrif á vatn.....	4
5.3 Áhrif á mannlíf.....	4
5.4 Áhrif á samgöngur, umferðaröryggi og mengun.....	4
5.5 Landslagið á framkvæmdasvæðinu.....	4
5.6 Áhrif á gróðurfar, fugla og fiska	4
5.7 Áhrif á menningarminjar	5
6 LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSADILAR	5
7 FRÁGANGUR	5
8 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	6
9 NIÐURSTAÐA	6
10 TEIKNINGAR	7

MYNDASKRÁ

Mynd 1: Borgarfjarðarvegur (94) neðan við Hríshöfða, horft í austurátt (Mynd: Mannvit, 2011).....	1
Mynd 2: Einbreið brú við brekkurætur yfir Njarðvíkurá. (Mynd: Mannvit, 2011).....	2
Mynd 3: Náma í Neðra – Vatnsskarði (Sprengibrekku). (Mynd: Mannvit, 2011)	3

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1: Efnismagn	3
--------------------------	---

1 YFIRLIT

Vegagerðin fyrirhugar endurbætur á Borgarfjarðarvegi (94), í Njarðvík, frá Hríshöfða og að Njarðvíkurvegi (Teikning Z800, Z801 og Z802). Framkvæmdin er í Borgarfjarðarhrepp N.-Múlasýslu. Um er að ræða lagfæringu á núverandi vegi og lagningu bundins slitlags á um 4 km löngum kafla. Frá stöð 10740 og að stöð 12050 verður veglínunni breytt til að lagfæra beygjur og sett verður ræsi í Njarðvíkurá og lögð af einbreið brú yfir hana. Frá stöð 12050 og að útboðsmörkum í stöð 14880 fylgir veglínan að mestu núverandi vegi. Framkvæmdin telst ekki matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2012 og þeim verði að fullu lokið fyrir haustið 2012.

Þetta er sett fram með þeim fyrirvara að að einungis verði unninn hluti verksins á árinu 2012.

Áætluð efnispörf til framkvæmdarinnar er um 81.000 m³, þar af um 28.000 m³ úr skeringum með vegi.

Framkvæmdin er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að auka umferðaröryggi með því m.a. að leggja af einbreiðar brýr og leggja bundið slitlag á veginn.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar bætt umferðaröryggi vegfarenda.



Mynd 1: Borgarfjarðarvegur (94) neðan við Hríshöfða, horft í austurátt. (Mynd: Mannvit, 2011)

2 NÚVERANDI VEGUR

Sá kafli vegarins sem hér um ræðir er stofnvegur (94-07) og vegsvæði hans er 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu núverandi vegar. Vegurinn er um 6,4 m breiður vegur með 6,3 breiðu malar slitlagi og meðalumferð á dag yfir árið ($\text{ÁDU} \leq 500$) (Mynd 1).

Núverandi brú á Njarðvíkurá er byggð árið 1954. Brúin er 12 m löng steypt bitabré í einu hafi. Breidd akbrautar er 3 m. Frá árinu 2001 hefur árdagsumferð á Borgarfjarðarvegi (94-07) aukist um 50% og árið 2010 var umferð á veginum 78 bílar/sólarhring. Á sama tíma hefur sumardagsumferð aukist um 58% og var komin í 168 bílar/sólarhring árið 2010 og vetrardagsumferð 29 bílar/sólarhring og hefur aukist um 40%. Miðað við að sé um 4% aukning á ári að meðaltali (eins og hefur verið frá 2001 til 2010) og umferðin framreiknuð til 2030 verður árdagsumferð komin í 170 bílar/sólarhring, 5% aukning er á sumardagsumferð 266 bílar/sólarhring og 3% aukning á vetrardagsumferð 51 bílar/sólarhring. Rétt er að benda á að í kringum tvo viðburði, Bræðsluna og Álfaborgarsjens, sem haldnir eru á Borgarfirði í 30. og 31. viku fer umferðin í um 985 bílar/sólarhring og verður þá mikil rykmengun í Njarðvík þegar vegurinn er þurr.

3 FRAMKVÆMDALÝSING

Vegsvæðið sem um ræðir er í Njarðvík frá stöð 10740, sem er við Hríshöfða, að stöð 14880, sem er um 200 m austan við Njarðvíkurafleggjara. Vegurinn er 6,4 m breiður og með 6,3 m breiðu slitlagi, alls um 4 km langur og er að stærstum hluta á sama vegstæði að undanskildum 1,2 km á milli stöðva 10900 og 12050. Á þeim kafla verða beygjur víkkaðar og verður radíus í beygjum 100 m í stað 40-50 m. Ræsi verður sett neðan við núverandi vegstæði í Njarðvíkurá (Mynd 2) í stað einbreiðrar brúar.



Mynd 2: Einbreið brú við brekkurætur yfir Njarðvíkurá.

(Mynd: Mannvit, 2011)

Ræsið er stálræsi (bogaræsi $d = 7,0$ m) á steiptum söklum. Vegrið verður sett á vegkanta yfir Njarðvíkurá. Frá stöð 12050 er um að ræða styrkingu og afréttingu á núverandi vegi og blindhæðir við stöð 13900 og 14300 verða lagfærðar. Neðra burðarlag verður endurnýjað, lagt efra burðarlag og klæðing verður sett á allan vegkaflann með tilheyrandi lagfæringum á vegfláum. Víða eru skeringar meðfram vegi, flestar eru grunnar hliðarskeringar, en nokkrar eru stærri til að auka sjónlengdir í beygjum.

4 EFNISÞÖRF

Áætluð efnisþörf í verkið er um 81.000 m³ þar af er efni í fyllingar og fláafleyga, um 28.000 m³, sem verður fengið úr skeringum í vegstæði.

Tafla 1: Efnismagn

Efni Námur	Fyllingar og fláafleygar	Neðra burðarlag	Efra burðarlag	Klæðning	Samtals
Innri-Hvannagilsá	23 000				23 000
Ytri-Hvannagilsá	5 000				5 000
Njarðvíkurá		20 000			20 000
Neðra – Vatnsskarð			4 500	1 000	5 500
Skeringar með vegi	28 000				28 000
Samtals	56 000	20 000	4 500	1 000	81 500

Áætlanir um efnisþörf gera ráð fyrir að fyllingarefni og efni í neðra burðarlag muni fást úr námu í Ytri-Hvannagilsá u.þ.b. 5.000 m³, Innri-Hvannagilsá u.þ.b. 23.000 m³ (B3 Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps, 2004-2016) og Njarðvíkurá u.þ.b. 20.000 m³. Efni í efra-burðarlag og klæðningu verður fengið úr klapparskeringu ofan vegar í Neðra – Vatnsskarði (Sprengibrekku) u.þ.b. 5.500 m³, sjá mynd 3. Flutningsvegalengd að útboðsmörkum í stöð 10740 er um 2 km (sjá teikningu Z800).



Mynd 3: Klapparskering í Neðra – Vatnsskarði (Sprengibrekku).

(Mynd: Mannvit, 2011)

5 HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF

Vegagerðin lagði mat á hvort líklegt væri að endurbætur á Borgarfjarðarvegi um Njarðvík myndi hafa veruleg áhrif á umhverfið. Þar sem um er að ræða umfangslitla framkvæmd og efnistaka er ekki mikil telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg. Hér á eftir eru taldir upp helstu umhverfisþættir sem framkvæmdaraðili telur líklegast að orðið geti fyrir áhrifum af framkvæmd og starfsemi.

5.1 Áhrif á íbúa og landnotkun

Framkvæmdin er í landi Njarðvíkur og mun ekki fara inn á ræktað land og sú breyting sem er lögð til fer um óræktað land. Ekki er gert ráð fyrir að raska þurfi girðingum á framkvæmdatíma. Þar sem um minniháttar tilfærslu á vegi er að ræða er gert ráð fyrir að áhrif hans á íbúa og landnotkun verði óveruleg.

5.2 Áhrif á vatn

Nýtt ræsi verður sett í stað brúar yfir Njarðvíkurá og ætti það ekki að hafa teljandi áhrif á vatn árinna.

5.3 Áhrif á mannlíf

Vegfarendur um Borgarfjarðarveg um Njarðvík og íbúar í Njarðvík munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna öruggari og betri samgangna og minni rykmengunar.

5.4 Áhrif á samgöngur, umferðaröryggi og mengun

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast vegna umferðar þungra vinnuvéla. Íbúðarhús eru nálægt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og truflun af hljóð- og loftmengun gæti verið einhver. Þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur verða samgöngur öruggari en nú með tvíbreiðum vegi yfir ræsi í Njarðvíkurá. Draga mun úr hljóðmengun og loftmengun mun minnka umtalsvert.

5.5 Landslagið á framkvæmdasvæðinu

Þar sem veglína helst að mestu leiti óbreytt er talið að áhrifin á landslagið verði óveruleg. Þá verður frágangur með þeim hætti að sáð verður í vegkanta þeim tegundum sem henta fyrir svæðið. Gert er ráð fyrir að vegkantar verði fljótir að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa fljótt.

5.6 Áhrif á gróðurfar, fugla og fiska

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Aðallega er um að ræða mólendi á stuttum kafla en annars er verið að vinna á þeim vegi sem er þegar til staðar. Gróðurlendi mun skerðast lítillega þar sem ný veglína víkur út af núverandi vegi. Aðallega er um að ræða mólendi og hálf- eða lítt gróið land. Framkvæmdin gæti haft tímabundin áhrif á fugla og fiska meðan á framkvæmdum stendur. Sjóbirtingur gengur upp í Njarðvíkurá en ekki í miklu magni að sögn Jakobs Sigurðssonar ábúenda á Hlíðartúni sem er í landi Njarðvíkur. Það hefur ekki verið starfrægt veiðifélag um þessa á og ekki seld veiðileyfi. Reiknað er með að áhrif á gróður, fugla og fiska verði almennt óveruleg.

5.7 Áhrif á menningarminjar

Framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Austurlands um aðgerðir.

6 LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, og hefur Vegagerðin því sótt um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Borgafjarðarhrepps.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun). Þá hefur verið haft samráð við landeigendur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, sveitarstjórn Borgafjarðarhrepps og Fiskistofu.

7 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi náma, vegkanta, fyllinga og skeringa.

Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi. Öllu raski í ánum verður haldið í lágmarki.

Frágangi á vegskeringum verðu hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring, svo þær verði ekki eins áberandi.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Ef girðingum verður raskað verða þær lagfærðar í samráði við landeigendur.

8 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Á framkvæmdatíma verður núverandi brú yfir Njarðvíkurá notuð fyrir umferð um veginn þar sem ræsið verður sett aðeins neðar í ána. Að framkvæmdum loknum verður núverandi brú fjarlægð. Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft.
- Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verktíma nema að námu.
- Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.

9 NIÐURSTAÐA

- Lagður verður nýr vegur á um 1,2 km og sett nýtt ræsi í Njarðvíkurá og vegur sem fyrir er 2,8 km verður styrktur, neðra burðarlag rétt af, og efra burðarlag lagt og allur vegurinn klæddur .
- Efnistaka verður úr vegskeringum á vegsvæði, námum í Innri og Ytri – Hvannagilsá og Njarðvíkurá og úr útvíkkaðri klapparskeringu í Neðri-Vatnsskarði (Sprengibrekku).
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þar sem einbreið brú er fjarlægð og bundið slitlag lagt á veg sem er nú með malarslitlag.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

10 TEIKNINGAR

- Teikning 1. Mannvit (2012): Yfirlitsmynd Z800, mkv. 1 : 15.000
- Teikning 2. Mannvit (2012): Grunnmynd Z801, mkv. 1 : 5.000
- Teikning 3. Mannvit (2012): Grunnmynd Z802, mkv. 1 : 5.000
- Teikning 4. Vegagerðin (2011): 01 Njarðvíkurá Afstöðumynd mkv. 1 : 500
- Teikning 5. Vegagerðin (2011): 02 Njarðvíkurá snið mkv. 1 : 50